

- Sýndu svo vísítölu landsframleiðslunnar öll árin:
- á verðlagi hvers árs.
 - á fóstu verðlagi ársins 2004.

Finnu að lokum vísítölu sem mælir verðbólguna en til þess skal nota c) og d) liðinn.

- Pegar landsframleiðslan er reiknuð út má nota til þess þrjár ólikar aðferðir. Lýstu þeim stuttlega.
- Teiknaðu líkan af hríngrás tekna og útskýróu það.
- Hvað er innstreymi og ústreymi?
- Hvernig myndast jafnvægi í hríngrás tekna?
- Við hvaða aðstæður þurfa stjórnvöld að hafa áhrif á hríngrasina og hvaða leiðir eru færar til þess i þessu líkani?
- Teldu upp þrjár tegundir innstreymis og ústreymis og útskýróu hvaða þættir stjórnna magni hvers þeirra.
- Hvernig berum við saman lífskjör í mísmunandi löndum?

Atvinnuleysi

15

Atvinnuleysi á árinu 2007 var um 1% af vinnaflinu. Vinnaflid, stundum kallað mannaflfi, eru allir vinnandi menn á landinu á aldrinum 16–67 ára, svo og þeir atvinnulausu á þessum sama aldrum. Atvinnuleysi er það hlutfall mannaflans sem vill vinna en fær ekki vinna við sitt hæfi og skráir sig atvinnulaust. Atvinnuleysi er eitt megininkenning samdráttartíma.

Stjórnvöld geta með hagstjórnaraðgerðum aukið eftirspurn og teljur almennings, m.a. með því að auka útgjöld sín og lækka skatta. Þetta gera þau sérstaklega þegar samdráttur herjar á hagkerfið og atvinnuleysið er útbreitt.

En hvaðan komu stjórnvöldum þessar frábæru hugmyndir?


Í heimskeppunni, sem var mikil atvinnuleysistímabil á árunum 1929–1939 þar sem atvinnuleysi fór viða upp í 25%, hvöttu stjórnvöldi í Bretlandi almennung til sparnaðar. Þau lækkuðu einnig laun opinberra starfsmanna í þeim tilgangi að reyna að eyða atvinnuleysinu sem talið var stafa af of háum launum og vöxtum.

Það var svo í miðri keppunni árið 1936 að einn mesti hagfræðingur tuttugustu aldarinnar, John Maynard Keynes, birti hugmyndir sínar um orsakir atvinnuleysisins í bókinni *The General Theory of Employment Interest and Money* (Almenning kennir um atvinnuleysi, vexti og peninga). Margir telja þessa bók með þeim merkustu sem skrifðan hafa verið um hagfræði. Þar hélt hann því fram að orsakir atvinnuleysisins í keppunni varu skortar á eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Hann benti á að eftirspurn eftir vinnaflinu væri afleidd eftirspurn. Það væri eftirspurn eftir vörum og þjónustu sem skapaði eftirspurn eftir vinnaflinu til að framleiða þær vörur og þjónustu sem menn vilja



Afleidd eftirspurn

Mynd 15.1
Atvinnuleysistöldur
1999–2007¹



kaupa. Hann hvatti stjórnvöld til að lækka skatta og auka útgjöld sín í þeim tilgangi að auka tekjur fólks og þar með eftirspurnina í hagkerfinu.

Egar stjórnvöld eyða meira en þau aflu með sköttum er það kallað að hafa halla á ríkissjóði. Þetta er skynsamleg ráðstöfun á atvinnuleysistínum og hefur þann tilgang að auka ráðstöfunartekjur fólks. Auknar ráðstöfunartekjur skapa aukna eftirspurn eftir vörum og þjónustu, sem aftur skapar eftirspurn eftir vinnandi fólk og dregur þar með úr atvinnuleysinu.

Atvinnuleysi er alvarlegur sjúkdómur sem herjar jöfnum hondum á hagkerfið og þá atvinnulausu og fjölskyldu þeirra. En ef markmiðið um fulla atvinnu fær að hafa forgang má fyrirbyggja þennan sjúkdóm með skynsamlegri hagstjórn.

Eflaust má segja margt misjafnt um efnahagsstjórn Íslandsinga. En fáum þjóðum ef nokkrum hefur tekist betur að eyða atvinnuleysi en þeim. Mesta árlegt atvinnuleysi frá stríðslökum var 5% árið 1995. Atvinnuleysi hér á landi á tímabilinu 1945 til 2006 var að meðaltali 1,1% sem er ótrúlegur árangur samborið við önnur lönd.


Hvers vegna er okkur illa við atvinnuleysið?

1. Atvinnuleysi skerðir lífskjör þjóðarinnar

Á atvinnuleysistínum er vinnuflíð vannýtt. Hægt er að framleiða meira ef færri eru atvinnulausir. Lífskjörin í landinu gætu því verið betri ef ekkert atvinnuleysið væri í landinu. Atvinnuleysi er því ekki bara vandamál þeirra atvinnulausu heldur allrar

¹ Sjá vef Hagstólu Íslands, Skráðir atvinnulausir og hlutfall þeirra af mannfila á árunum 1980–2006.

Mynd 15.2 Atvinnuleysi
1945–2007²



þjóðarinnar. Íslendingar hafa nýtt sitt vinnuflíð afar vel og litið atvinnuleysi hér á landi undanfarna áratugi er án efa ein meginástæða þeirra góðu lífskjara sem þjóðin hefur notið.

2. Atvinnuleysi er heilsuspíllandi

Atvinnuleysi er öllum óholt. Í langvarandi atvinnuleysi vaxa upp kynslódir sem þekkja ekkert annað líf en atvinnuleysi, það verður eðilegt ástand. Og langvarandi atvinnuleysi er afar hættulegt því að það getur af sér viðvarandi atvinnuleysi, hver svo sem eftirspurnin er í þjóðfélögum. Fólk sem er lengi atvinnulaust treystir sér oft ekki aftur út á vinnumarkaðinn. Atvinnuleysið hefur rænt það sjálfræstuini og þeiri mannlegu reisn sem fylgir því að vera fárhagslega sjálfstæður einstaklingur. Líkamleg og andleg veikindi hrjá þá atvinnulausu einnig í meira mæli en þá sem eru á vinnumarkaði. Það virðist því vera heilsuspíllandi að vera iðjulaus.

3. Atvinnuleysi fylgja aukin afbrot, áfengisneysla og neysla annarra vímuefn

Í þriðja lagi eru alls konar afbrot og neysla löglegra og ólöglegra vínumjafa tilari í atvinnuleysi en við fulla atvinnu. Alls konar persónuleg og félagsleg vandamál eru einnig algengari á atvinnuleysistínum. Vonleysi, reiði og vanmetakennd ungs fólk sem fer hvergi vinnu er efalaust hluti skýringarinnar. En ungt

² Hagstólinn, 1997:242; Peningamál 2008:1, bls. 129.

fólk með litla menntun og litla starfsreynslu er yfirleitt stærsti hópur atvinnulausra.

4. Atvinnuleysi veldur fátækt

Í fjórða lagi búa hinir atvinnulausu oftast við kjör sem varla verða flokkud undir neitt annað en fátækt. Atvinnuleysisbætur eru alltaf undir lágmarkslaunum og gera engum kleift að lifa mannsæmandi lífi. Fjölskyldur á bótum geta hvorki veitt börnum sínum né þeim fullorðnu í fjölskyldunni það sem flestir telja sjálfsgagt og nauðsynlegt; að fara til tanmlæknis, greiða menntun og fristundastörf barna sinna, að kaupa hollan og góðan mat – allt er þetta atvinnulausum ofviða. Þeir taka oft lán í von um að atvinnutækifæri og hærrí tekjur bjóðist fljótelega svo að unnt sé að endurgreiða lánin.

Af hverju stafar atvinnuleysið?

Orsakir atvinnuleysisins eru margar og mismunandi á ólikum tínum og mismunandi stöðum. Hægt væri að telja upp margar orsakir atvinnuleysis, sem og leiðir til að draga úr því. Hér verða aðeins talðar fimm algengar tegundir atvinnuleysis.

1. Samdráttaratvinnuleysi

Samdráttaratvinnuleysi orsakast af of lítill eftirspurn í þjóðfélögum. Skilning okkar á eðli þess má rekja til uppgötvunar John Maynard Keynes sem skrifði, eins og fyrr segir, bók um orsakir atvinnuleysisins í kreppunni og lýsir þeim sem skorti á spurn eftir vörum og þjónustu.

Þegar stjórnmalamennum tala um „harða lendingu í efnahagslífini“ eiga þeir við að eftir þenslutíma komi tímar sem einkennist af samdrætti í framleiðslu og minni eftirspurn eftir vinnuflí.

2. Atvinnuleysi sem stafar af því að fólk skiptir um vinnu

Þegar fólk færir sig milli starfa verður til ein tegund atvinnuleysis. Eftir að fólk segir upp vinnunni eða er sagt upp líður tími þar til það finnur sér aðra vinnu, jafnvel þótt góðæri sé í landinu. Besta leiðin til að stytta þann tíma sem fólk er atvinnulaust af þessum sökum er að auka upplýsingar um þá sem eru í atvinnuleit og að bæta skráningu og aðgengi að upplýsingum um þau atvinnutækifæri sem bjóðast. Með aukinni vinnumiðum

un má stytta tímann sem líður frá því að fólk hættir á einum vinnustað þar til það finnur annan. Upplýsingar á Netinu um laus störf, t.d. í hinum ýmsu byggðarlögum, eru aðferð til að draga úr atvinnuleysi af þessum sökum.

3. Árstíðabundið atvinnuleysi

Árstíðabundið atvinnuleysi skapast á ákveðnum tínum árs. Sum störf eru aðeins stunduð á sumrin eða á veturna og þeir sem pessi störf stunda eru því án atvinnu aðra tíma ársins. Framhaldsskólanir og háskólanir hér á landi eru aðeins starfræktir í rúma níu mánuði á ári. Skólanemendur eru því flestir án atvinnu í lok maí og ganga í flest þau störf sem í boði eru á sumrin hér á landi. Bæði nemendur og kennarar vinna í byggingaríðaði, ferðaþjónustu, garðyrkjum og vegagerð en í þessum greinum eru stöðugildin miklu fleiri á sumrin en á veturna. Auk þess leysa nemendur af í sumarfríum í mórgum öðrum starfsgreinum. Margir nemendur stunda vinnu samhlíða námi sem auðveldar þeim að tryggja sér störf í lok skólaársins.

Árstíðabundið atvinnuleysi er minna hér á landi vegna langra sumarleyfa nemenda. Á Spáni og í löndum sem byggja afkomu sína mikið á ferðamönnum er árstíðabundið atvinnuleysi í ferðaþjónustu landlaegt þann tíma ársins sem ferðamennirnir láta ekki sjá sig.

4. Staðbundið eða svæðisbundið atvinnuleysi

Staðbundið eða svæðisbundið atvinnuleysi orsakast af því að ákveðin atvinnustarfsemi er lögð niður á titteknum stað. Kvóttinn er seldur úr byggðarlaginu, aflaheimildir skertar vegna slæmrar stöðu fiskistofnanna, verksmiðjur sem áður sköpuðu mörög störf hafa orðið gjaldþrota, frystihúsíð varð eldi að bráð eða atvinnustarfsemi hefur verið flutt úr landi, t.d. til láglauvanásvæða í Austur-Evrópu eða Asíu. Af þessum sökum verður fjöldi fólks atvinnulaus og til að draga úr atvinnuleysi af þessu tagi þarf að skapa ný atvinnutækifæri í stað þeirra sem hurfu. Sú stefna stjórnvalda að leitast við að rétta hlut ákveðinna svæða í atvinnumálum kallast byggðastefna.

5. Hagvaxtaratvinnuleysi

Hagvaxtaratvinnuleysi er atvinnuleysi sem orsakast af því að

atvinnusamsetning þjóðfélagsins breytist samfara hagvexti. Í þjóðfélagi í örum vexti úreldast sifelt einhver störf og önnur störf koma í staðinn. Fólk verður atvinnulaust vegna breytinga á framleðsluáðferðum eða vegna þess að nýjar vörur hafa komið í stað þeirra sem það framleiddi áður. Þetta fólk getur ekki alltaf starfað við nýju iðngreinarnar eða þjónustóstörfin og verður því atvinnulaust.

Fyrir á árum var öll mjólk og mjólkurvara í Reykjavík seld í sérstökum mjólkurbúðum og til var verkalýðsfélag sem het „Félag afgreiðslukvenna í mjólkurbúðum“. Þegar mjólkurvörurnar voru fluttar inn í matvörubúðirnar urðu þessar konur atvinnulausar.

Á tímabili lækkadí verð á kolum í Bretlandi vegna minnkandi eftirsprungar. Eftirsprungin minnkadí vegna þess að ólia lækkadí í verði á heimsmarkaði og var nú betri kostur en kolin. Verð á kolum dugði ekki lengur til að greiða kostnaðinum við námuðroftinn og af þeim sökum var mörgum kolánánum lokað í Bretlandi og um 200 þúsund námuverkamenn misstu vinnuna.

Fæðingar bér á landi fluttust á seinni hluta tuttugustu aldar úr heimahúsum inn á sjúkrahúsini og við það varð fjöldi íslenskra ljósmaðra atvinnulaus. Á sama tíma var mikill skortur á hjúkrunarfraðingum. Upp úr 1970 fengu þessar atvinnulausu ljósmaður tveggja ára viðbórtarmenntun og fengu réttindi að námi loknu til að kalla sig hjúkrunarfraðinga. Besta aðferðin við að eyða atvinnuleysi vegna breytinga á atvinnuháttum er endurmenntun. Hraðar breytingar á atvinnuháttum samfara hagvexti hafa gert endurmenntun vinnuálsins sifelt mikilvægari. Allt vinnuálfari í raun að vera í sifelldu námi og þjálfun til að geta tekist á hendur ný og breytt störf í þjóðfélagi í örum vexti.

Heildareftirsprung og langtímaatvinnuleysi

Hvað raður atvinnuleysisstiginu á hverjum tíma? Viðurkenndar hagfræðikenningar gera skýran greinarmun á langtíma- og skammtímaatvinnuleysi. Samkvæmt þessum kennungum ákváðast breytingar á skammtímaatvinnuleysi af peningamálastefnumi og öðrum þáttum sem ráða heildareftirsprung. Aukin eftirsprung drengur úr atvinnuleysi og hækkar verðlag til skamms tíma

en atvinnuleysið leitar jafnvægis á ný við ákveðið atvinnuleysisstig sem kallað er jafnvægisatvinnuleysi. Þetta atvinnuleysi er í enskumælandi löndum skammtstað NAIRU.³

NAIRU er það atvinnuleysisstig þar sem verðbólga er stöðug og jafnvægi ríkri á vinnumarkaði. Þetta atvinnuleysisstig er talð ákváðast af sveigjanleika vinnumarkaðarins en ekki af eftirsprunginni í hagkerfinu. Nokkrir þættir eru taldir hafa áhrif á jafnvægisatvinnuleysisstigið, t.d. mismunur lægstu launa og atvinnuleysisbóta, lög og reglur um uppsagnir og mannaráðningar, skipulag vinnumarkaðsins, launaákváðanir o.s.frv.

Þetta jafnvægisatvinnuleysi getur breyst með tímanum en viðurkenndar hagfræðikenningar gera ráð fyrir því að jafnvægisatvinnuleysið sé óháð heildareftirsprunginni þannig að eftirsprungin til skamms tíma hafi engin áhrif á þróun atvinnuleysisins til lengri tima. Tilraunir til að vinna bug á atvinnuleysinu með aðferðum John Maynards Keynes voru því taldar litlis virði og varla til annars fallnar en að auka á verðbólguina því að lægri skattar og aukin útgjöld myndu einungis hækka verðlag og minnka atvinnuleysi til skamms tíma en atvinnuleysisstigð leitaði síðan aftur í gamla farið.

Bandarískur hagfræðingur, Laurence Ball (1959-) mótmælti þessum hugmyndum í greininni „Aggregate demand and long run unemployment“ (Heildareftirsprung og langtímaatvinnuleysi), sem birtist árið 1999 í tímaritinnum *Brookings Paper on Economic Activity* (2). Peningamálastefnan, og annað það sem hefur áhrif á heildareftirsprunginu í hagkerfinu, hefur að hans mati mikil áhrif á atvinnuleysisstigið bæði í bráð og lengd. Að hans mati getur eftirsprungin two ártugina fyrir birtingu greinarinnar skýrt að miklu leyti orsakir ólískar þróunar jafnvægisatvinnuleysis í ólískum löndum.

Tveir samlandar hans, þeir Oliver Blanchard (1948-) og Lawrence Summers (1954-), höfðu áður birt grein í tímaritinum *NBER Macroeconomics Annual*, Stanley Fischer árið 1986, sem þeir kölluðu „Hysteresis and the European Unemployment Problem“ (Tregðulögþálið og evrópska atvinnuleysið). Tregðulögþálið gengur út á að heildareftirsprung til skamms tíma hafi

E fja útsíði. I enskin lengtakaskra aflatibóleini undit jafnvægisatvinnuleysi. Akváðast oft svengjast. Vinnumarkaðsins.

Jafnvægisatvinnuleysi

Aðferðir hans vískaðar bara til skamms tíma.

Tregðulögþálið - heildareftirsprung til skammtíma hefur óháð að langtímaatvinnuleysi.

³ NAIRU er skammtlöfun fyrir Non Accelerating Inflation Rate of Unemployment.

áhrif á langtímaatvinnuleysi, þ.e. þegar eftirspurn ekst, verðlag hækkar og skammtímaatvinnuleysið minnkar niður fyrir jafnvægisatvinnuleysisstigið hefur þessi minnkun á atvinnuleysi þau langtímaáhrif að jafnvægisatvinnuleysi dregst saman.

Ef samdráttarskeið riður yfir hagkerfið og atvinnuleysið fer af þeim sökum upp fyrir NAIRU um einhvern tíma þá hefur þetta skeið skammtímaatvinnuleysisi þau áhrif að NAIRU getur aukist til frambúðar.

Aðhaldssöm peningamálastefna á samdráttartínum.

Hver er svo reynslan af aðhaldssamri peningamálastefnu stjórnvalda? Á fyrri hluta áttunda áratugarins urðu flest OECD-lönd⁴ fórnarlömb samdráttar sem var afleiðing aðhaldssamrar peningamálastefnu stjórnvalda sem hafði það fyrst og fremst að markmiði að draga úr verðbólgu.⁵

Í Bandaríkjunum stóð þetta atvinnuleysistímabil stutt yfir. En í mörgum Evrópulöndum jökkst jafnvægisatvinnuleysið eftir þetta skeið og hefur verið hátt síðan. Ólik viðbrögð stjórnvalda við sandrættinum á fyrri hluta áttunda áratugarins geta útskýrt hinari óliku afleiðingar atvinnuleysskeiðsins.

Atvinnuleysið stóð stutt í löndum þar sem stjórnvöld gripi til þensluágerða til að vinna gegn atvinnuleysinu. Eftir að aðhaldssöm peningamálastefna hafði skapaði samdrátt til að vinna á verðbólgunni beittu stjórnvöld þensluágerðum til að eyða atvinnuleysinu sem fylgdi sandrættinum. Í löndum þar sem stjórnvöld héldu að sér höndum og reyndu ekki að vinna bug á atvinnuleysinu í sandrættinum varð atvinnuleysið varanlegt eða með öðrum orðum jafnvægisatvinnuleysið óx.

Niðurstöður athugana L. Ball benda til þess að afskiptalaus efna-hagsstefna í sandrætti sé dýrkeypt þar sem hún skapi herra atvinnuleyssistig til frambúðar en kostir þessarar stefnu séu engir því að verðbólgan hafi einnig lækkað hjá þeim þjóðum sem beittu þenslu til að komast upp úr sandrættinum. Lækkun verðbólgunnar er ekkert minni hjá þessum þjóðum en þeim sem beittu áframhaldandi aðhaldi í peningamálum eftir að samdrátturinn hafði gert vart við sig.

⁴ OECD er skammstófun fyrir Organization for Economic Cooperation and Development, þ.e. Efnaþags- og þróunararsamtinustofnun Evrópu.

⁵ Endurteknar vaxtabækkanir sedlabanka eru daemi um aðhaldssama peningamálastefnu.

L. Ball athugaði enn fremur hvort „hysteresis“ eða tregðulög-málið gæti virkað í hina áttina, þ.e.a.s. hvort eftirspurnaraukning sem dregur úr atvinnuleysi gæti lækkað jafnvægisatvinnuleysið til frambúðar. Hann skoðaði tímabilið 1985–1997 en þá tókst nokkrum löndum að minnka atvinnuleysið verulega. Írland, Portúgal, Holland og Bretland eru daemi um lönd þar sem tókst að draga úr atvinnuleysinu og þau eru því borin saman við önnur lönd þar sem sliðar tilraunir mistökust. L. Ball telur að athuganir hans sanni að ófugt „hysteresis“ sé skýringin, þ.e.a.s. að með aukinni eftirspurn hafi tekist að lækka jafnvægisatvinnuleysið til frambúðar.

Margir fyrri höfundar, sem fjallað hafa um jafnvægisatvinnuleysi, hafa lagt áherslu á skort á sveigjanleika á vinnumarkaði sem meginþýringu á miklu viðvarandi atvinnuleysi. Þeir hafa talið að atvinnuleysið sé tilkomid vegna ofurvalds verkalyðsfelaganna, vegna of hárra atvinnuleysisbóta miðað við lægstu laun, svo og vegna lögbundins eða samningsbundins uppsagnarfrests sem komi í veg fyrir að hægt sé að reka fólk úr vinnu. Þetta komi í veg fyrir að fólk sé ráðið í vinnu því að afar eritit sé að segja því upp aftur ef fyrirtækið þarf að draga saman seglin.

Ball telur að þessir þættir hafi verið ofmetnir. Háar atvinnuleysisbætur hafa áhrif á atvinnuleysið í þeim löndum þar sem mónumur er heimilt að þiggja bætur í langan tíma, en auk þess eykur hlutlaus efnaþagsstefna og afskiptaleysi stjórnvalda á atvinnuleysið. Vinnumarkaðsstefna, þ.e. tilraunir stjórnvalda til að auka sveigjanleika á vinnumarkaði, virðist ekki hafa haft mikil áhrif að hversu vel þjóðum hefur tekist að draga úr atvinnuleysi frá 1985.

Sedlabankar brugðust misjafnlega við sandrættinum á fyrri hluta áttunda áratugarins. Sums staðar svörudu þeir sandrættinum með þenslu í peningamálum. Þetta leiddi yfirleitt til aukins hagvaxtar og minna atvinnuleysisi. Í öðrum löndum var aðhaldssamri peningastefnu haldið til streitu því að þar vildu menn fyrst og fremst lækka verðbólguna enn frekar og styrkja gengi gjaldmiðlanna. Markniðið um fulla atvinnu var látið víkja fyrir markniðunum um stöðugt verðlag og stöðugan gjaldmiðl.

Í þessum löndum komst þjóðarframleidslan ekki á jafnhátt skrið og áður. Atvinnuleysið var enn hátt og verðbólgan stöðug,

Afleiðingar mismunandi viðbragða stjórnvalda í samdrætti.

med öðrum orðum var jafnvægisatvinnuleysið hér herra en fyrir samdráttinn.

Frá 1979–1984 er eitt samdráttartímabil í Þýskalandi en tvö í Bretlandi, á Ítalíu, í Frakklandi, Kanada og Bandaríkjunum. Orsök samdráttartímabilanna var alls staðar aðhaldssöm peningamálastefna. Í öllum þessum löndum hækkuðu seðlabankar landanna vesti mikil í lok sjóunda áratugarins og í byrjun hins áttunda og verðbólgan lækkaði í kjölfarið. Kanada og Bandaríkin svöruðu samdráttinum með vaxtalekkun en hin löndin héldu aðhaldssamri peningastefnu til streitu. Menn héldu vöxtunum háum eða hækkuðu þá jafnvel örliðið.

Verkefni

- 1 Hvernig skilgreinir hagfræðin atvinnuleysi? Hvers vegna er atvinnuleysi illa séð bæði af almenningi og stjórnvöldum?
- 2 Teldu upp fimm tegundir atvinnuleysis og þær aðgerðir sem haegt er að griða til því skyni að koma í veg fyrir þessar óliku tegundir atvinnuleysis?
- 3 Hvað er átt við með NAIRU eða jafnvægisatvinnuleysi? Hvaða þættir hafa heist áhrif á jafnvægisatvinnuleysið samkvæmt hefðbundnum hagfræðikenningum? Nýrri rannsóknir L. Ball varþanju ljósi á jafnvægisatvinnuleysið. Gerðu grein fyrir hugsanlegum áhrifum skammtímaefnahagsstefnu stjórvalda á jafnvægisatvinnuleysið.

John Maynard Keynes


16

„In the long run we will all be dead“

John Maynard Keynes

John Maynard Keynes fæddist í Englandi 1883. Hann var afburðanámsmaður sem félkk styrk til náms í Eton, einum virtasta menntaskóla Bretlands. Þar lærdi hann að drekka kampavín og aðspurður sagði hann að það væri bara eitt sem hann sæi eftir í lífinu og það væri að hafa ekki drukkið meira kampavín. Síðar stundaði hann svo háskólanám við King's College í Cambridge.

Eftir nokkurra ára starf í Indlandsmóraláðuneytinu varð hann háskólkennari í Cambridge. Hann gegndi einnig stöðu seðlabankastjóra, leikhússtjóra og var ritstjóri *Economic Journal*, eins virtasta hagfræðitímarits í Bretlandi, í meira en þrjá áratugi. Keynes var mikill stærðfræðingur, gaf út merka bók um líkindareikning og hagnaðist á gjaldeyrisviðskiptum. Hann ræktadi rósir og safnaði málverkum og átti á sinni tilð eitt verðmætasta safn samtímaálverka i einkacígn í Evrópu. Hann kvæntist Lydiu Lopokovu sem var rússnesk ballettdansmær og í vinahópi þeirra voru þekktustu mennta- og gáfumenn þjóðarinnar, skáld og listamenn. Líf hans og lífsstill var afar ólíkur lífi Adams Smith sem leið best heima hjá sér og varði tólmastundum sínum í tedrykkju og spilamennsku. En báðir voru þessir menn algjörir snillingar þótt ólíkir væru. Keynes lést árið 1946.



John Maynard Keynes
1883–1946.

Keynes er af flestum talinn merkasti hagfræðingur tuttugustu aldarinnar. Bók hans *The Economic Consequences of the Peace* (Efnahagslegar afseiningar friðarins) kom út árið 1919. Fyrir hana öðlaðist hann heimsfrægð en í henni var hann manna